VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2015

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2015 þrátt fyrir 3. gr. laga um tryggingagjald og að um það hafi verið samið við aðila vinnumarkaðarins, fyrst í kjarasamningum árið 2008 og síðan í samstarfi aðilanna og velferðarráðuneytisins við samningu frumvarps til laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða á árinu 2012.

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012 er kveðið á um að stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og Landssamtök lífeyrissjóða skuli endurskoða framlög til starfsendurhæfingarsjóða fyrir árslok 2014. Síðastliðið vor var skipuð nefnd sem hafði þetta hlutverk, en aðeins einn fundur var haldinn í nefndinni áður en fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Áform stjórnvalda um að standa ekki við umrætt samkomulag eru þannig sett fram án þess að nauðsynleg gögn hafi verið lögð fram og málið fengið eðlilega umfjöllun í nefndinni.

Stjórn VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs vill með þessari umsögn gera alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð og krefjast þess að stjórnvöld standi við bæði lög og gerða samninga um fjármögnun og uppbyggingu á starfsemi VIRK.

Starfsemi VIRK er ennþá í bæði mótun og vexti. Út frá tölum um fjölda þeirra sem eru á launum í veikindum á vinnumarkaði, bótum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga, endurhæfingarlífeyri og örorkulífeyri má gera ráð fyrir að þessi vöxtur haldi áfram út árið 2016 og þá verði um 3.500 einstaklingar í þjónustu hjá VIRK. Áætlanir VIRK fyrir 2015 og 2016 gera einnig ráð fyrir því að starfsemi VIRK muni skila verðmætum upplýsingum um starfsgetu einstaklinga til mismunandi framfærsluaðila s.s. lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins. Til þess að þetta sé unnt þá þarf VIRK að efla til muna starfsemi í þverfaglegri teymisvinnu og um þessar mundir er unnið markvisst að henni. Uppbygging þverfaglegrar teymisvinnu er forsenda þess að unnt verði að breyta lögum um almannatryggingar á þann veg að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats sem grundvöll úrskurða um bætur vegna skertrar starfsorku. Þessi uppbygging er einnig í takti við áherslur annarra landa sem leggja áherslu á að nýta starfskrafta allra einstaklinga á vinnumarkaði – einnig þeirra sem glíma við heilsubrest af ýmsum toga. Eigi það að verða mögulegt er nauðsynlegt að ríkið standi við samninga um framlag sitt til VIRK.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt og starfsendurhæfingarsjóðir fá ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi 2015 er ljóst að VIRK getur ekki tekið við einstaklingum í þjónustu á árinu 2015 sem ekki er greitt af í sjóðinn. Það felur í sér að ekki verður fyrir hendi eitt heildarkerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með jöfnum aðgangi fyrir alla einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda. Þetta mun einnig koma í veg fyrir að allir einstaklingar eigi kost á að ganga í gegnum skipulagðan og

faglegan starfsendurhæfingarferil sem er forsenda þess að unnt verði að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats.

Frá árinu 1999 hefur orðið gríðarleg fjölgun í hópi þeirra einstaklinga sem ekki eru á vinnumarkaði vegna skertrar starfsgetu. Á árinu 1999 var tekinn upp örorkumatsstaðall sem er eingöngu læknisfræðilegur og lítur eingöngu til þess sem einstaklingar geta ekki gert í stað möguleika þeirra á vinnumarkaði eins og hugsunin er með starfsgetumati. Á þeim tíma voru engir fjármunir lagðir í starfsendurhæfingu til að auka möguleika einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests. Niðurstaða þessara ákvarðana hefur verið stórfelld aukning á fjölda örorkulífeyrisþega undanfarin 15 ár með tilheyrandi útgjöldum lífeyrissjóða og ríkissjóðs og skertum lífsgæðum þessara einstaklinga. Nú er fjöldi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega um 18.000 og hefur hann tvöfaldast frá árinu 1999 og fjórfaldast frá árinu 1990. Kostnaður samfélagsins vegna þessa nemur tugum milljarða króna á ári auk þess sem oft er um að ræða verulega skert lífsgæði hjá viðkomandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra. Það felast þannig í því miklir hagsmunir fyrir einstaklinga, atvinnurekendur og samfélagið í heild sinni að grípa til ráðstafana og reyna að snúa þessari þróun við.

Starfsemi VIRK skilar gríðarlega miklum samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi. Um 74% einstaklinga sem útskrifast frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift – þ.e. eru annað hvort í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift. Ef litið er á fjölda stöðugilda eru 66% þeirra í vinnu, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift.

Talnakönnun ehf. hefur gert greiningu á árangri og ávinningi af starfsemi VIRK á árinu 2013 á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni VIRK. Við þessa útreikninga byggir Talnakönnun á afar varfærnum forsendum um áhrif starfsendurhæfingar á tímabil óvinnufærni einstaklinga. Þrátt fyrir þessar varfærnu forsendur er niðurstaða Talnakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær. Um 10 milljarða króna ávinningur hafi verið af starfseminni árið 2013 og ábatinn skiptist á milli Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, ríkis og sveitarfélaga í formi aukinna skatttekna. Við þetta bætist ábati einstaklingsins. (Sjá nánar í meðfylgjandi fylgiskjali).

Árangursrík starfsendurhæfingarþjónusta er þannig ein arðbærasta fjárfesting sem völ er á, bæði til skamms og langs tíma, auk þess að styrkja einstaklinga og stuðla að öflugra samfélagi og aukinni velferð, og því mjög mikilvægt að standa vörð um uppbyggingu hennar til framtíðar.

Meðfylgjandi eru eftirfarandi fylgiskjöl með nánari upplýsingum er varða starfsemi VIRK:

- Skýrsla Talnakönnunar um ávinning af starfsemi VIRK árið 2013
- Samantekt um starfsemi VIRK
- Samantekt um varasjóð VIRK

F.h. stjórnar VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, formaður stjórnar

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Samantekt 3. sept 2014

Árangur einstaklinga og ávinningur samfélags

Tæplega 7.000 einstaklingar hafa leitað til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs á undanförnum 5 árum og í dag eru um 2.500 einstaklingar í þjónustu á vegum VIRK. Undantekningarlítið er um að ræða einstaklinga sem glíma við alvarlegan vanda og geta ekki tekið þátt á vinnumarkaði án aðstoðar í formi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Yfir 70% af þeim sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.

Starfsendurhæfing er bæði fjárfesting í fólki og stuðlar að öflugra samfélagi og aukinni velferð. Afrakstur árangursríkrar starfsendurhæfingar getur verið mjög mikill. Talnakönnun hefur tekið saman fyrir VIRK nokkur einföld dæmi um fjárhagslegan ávinning af starfsendurhæfingu ef hún skilar þeim árangri að einstaklingur tekur fullan þátt á vinnumarkaði í stað þess að fara á örorkulífeyri. Þessi ávinningur getur numið vel á annað hundrað milljónir króna eftir mismunandi forsendum um laun og aldur. Nánari upplýsingar um þessa útreikninga er að finna á heimasíðu VIRK.

Um 74% virkir á vinnumarkaði við útskrift

Starfsemi VIRK skilar gríðarlega miklum samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi. Um 74% einstaklinga sem útskrifast frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift – þ.e. eru annað hvort í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift. Ef skoðaður er fjöldi stöðugilda þá eru 66% stöðugilda í vinnu, atvinnuleit eða á lánshæfu námi við útskrift.

Á árinu 2013 fóru 622 einstaklingar í virka þátttöku á vinnumarkaði eftir að hafa útskrifast frá VIRK (í launaða vinnu, lánshæft nám eða atvinnuleit). Ef þetta er mælt í stöðugildum þá er um að ræða 550 stöðugildi sem eru með framfærslustöðu sem gefur til kynna vinnugetu við útskrift. Meðalaldur þeirra sem útskrifuðust á árinu 2013 var 44 ár. Ef við gefum okkur þá forsendu að meðallaun þessa hóps séu um 400 þúsund krónur (meðaltal heildarlauna á árinu 2013 var 526 þúsund krónur skv. Hagstofu íslands) þá má gera ráð fyrir að gróft mat á meðalávinningi þess að koma 44 ára einstaklingi út á vinnumarkað í stað örorku geti numið ríflega 60 milljónum króna samkvæmt útreikningum Talnakönnunar. Heildarútgjöld VIRK á árinu 2013 voru tæplega 1,3 milljarðar. Samkvæmt þessu þá þurfti starfsemi VIRK að skila 22 einstaklingum á vinnumarkað í stað örorku á árinu 2013 til að ávinningurinn nemi útgjöldum VIRK á því ári.

Um 550 stöðugildi einstaklinga fóru úr þjónustu VIRK á vinnumarkað á síðasta ári. Það er auðvitað líklegt að einhverjir þessara einstaklinga hefðu farið á vinnumarkað án tilstuðlan VIRK en það er líka ljóst að flestir þeir sem leita til VIRK gera það vegna þess að þeir glíma við alvarlegan vanda sem þeir geta ekki leyst úr án aðstoðar í formi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Því er ljóst að starfsemi VIRK skilar gríðarlega miklum samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi.

Samstarf og samvinna

Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, ráðgjafar eru um allt land sem og starfsendurhæfingarstöðvar. Ráðgjafar VIRK eru síðan í samstarfi við heilsugæslustöðvar og félagsþjónustu sveitarfélaga um allt land sem og aðrar stofnanir velferðarkerfisins.

VIRK hefur unnið markvisst að því að byggja upp samstarf við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins. Þessi samvinna hefur skilað góðum árangri á mörgum sviðum og fagfólk innan velferðarkerfisins

hefur verið mjög ánægt með samstarfið sem hefur orðið til þess að margir einstaklingar sem glíma við mjög flókinn og þungan vanda hafa fengið markvissari og betri þjónustu en áður. Þetta er þáttur í því að byggja upp heildarkerfi þar sem þjónusta mismunandi aðila innan velferðarkerfisins er samræmd og hefur það að markmiði að koma einstaklingum til virkrar þátttöku á vinnumarkaði. Sem dæmi um þetta samstarf má nefna að sérfræðingar VIRK funda reglulega með heilsugæslulæknum um allt land, geðdeildum Landsspítalans, Reykjalundi, félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum aðilum innan velferðarkerfisins. Á þessum fundum á sér stað mikilvæg upplýsingagjöf og þverfagleg vinna sem miðar að því að einstaklingar fái þjónustu við hæfi. Hér má einnig nefna að ráðgjafar VIRK eru með reglulega viðveru á geðdeildum LSH, bæði á Hvítabandinu og á Kleppi.

Samstarf VIRK við lífeyrissjóði hefur aukist mikið á undanförnum mánuðum og trúnaðarlæknar lífeyrissjóðanna senda nú æ fleiri einstaklinga til VIRK. Unnið er að því að móta nýja vinnuferla í samstarfi VIRK og lífeyrissjóðanna sem eiga að tryggja það að allir einstaklingar sem sækja um örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum fái þjónustu á sviði starfsendurhæfingar ef hún er metin viðeigandi og árangursrík.

Starfsgetumat í stað örorkumats

Fagleg þróun hjá VIRK hefur miðað markvisst að því að byggja upp starfsendurhæfingarferil sem er samtvinnaður við matsferil. Þessi aðferðarfræði hefur það að markmiði að koma einstaklingum aftur til virkrar þátttöku á vinnumarkaði. Í þessu ferli er marvisst horft til styrkleika einstaklingsins en samhliða því er unnið með þær hindranir sem valda því að einstaklingur getur ekki unnið. Ef það á að vera unnt að taka upp stafsgetumat hér á landi í stað örorkumats þá þarf að vera til staðar þessi samræmdi faglegi ferill því án hans er ekki hægt að taka afstöðu til starfsgetu einstaklinga. Það þarf einnig að tryggja það að allir þeir einstaklingar sem sækja um örorkulífeyri hafi farið í gegnum þennan feril. Stafsgetumat er því í eðli sínu allt annars konar mat en örorkumat og það er ekki unnt að taka afstöðu til starfsgetu einstaklinga með því að skoða pappíra eða í einu viðtali eins og gert er í örorkumati í dag.

Mikilvægi heildarkerfis

Forsenda samstarfsins, samvinnunnar og árangurs innan heildarkerfisins er sú að VIRK beri ábyrgð á allri atvinnutengdri starfsendurhæfingu gagnvart öllum þeim einstaklingum sem uppfylla skilyrði laga nr. 60/2012 um rétt til þjónustu. Ef svo væri ekki þá væri nánast ógerlegt fyrir þessa fagaðila að átta sig á því hvaða einstaklingar ættu rétt á þjónustu VIRK og hverjir ættu ekki þennan rétt því ferill einstaklinga innan mismunandi framfærslukerfa getur verið mjög flókinn og slitróttur. Eina leiðin til að byggja upp þverfaglegt samstarf á þennan hátt milli ólíkra stofnanna er því að einstaklingarnir eigi sama rétt á þjónustu út frá faglegum forsendum um þörf og getu.

Frá gildistöku laga nr. 60/2012 hefur fjölgað mjög í þeim hópi sem leita til VIRK og eru á fjárhagsaðstoð, örorkulífeyri, atvinnuleysisbótum, endurhæfingarlífeyri og með engar tekjur. VIRK tók þá ákvörðun að opna þjónustuna í trausti þess að stjórnvöld myndu vinna í samræmi við lög nr. 60/2012 jafnvel þó ekki sé búið að ganga frá þessum samningi.

Útgjöld VIRK munu vaxa mikið á árinu 2014 m.a. með fjölgun þyngri einstaklinga í þjónustu og auknu afli í starfsgetumati. Það mun hinsvegar ekki breyta þeirri staðreynd að fjárhagslegur og samfélagslegur ávinningur með starfseminni er og verður mjög mikill og mikilvægi verkefna VIRK fer ekki minnkandi.

HAGNAÐUR VIÐ STARFSEMI VIRK

ÚTREIKNINGUR MIÐAÐ VIÐ ÁRIÐ 2013

UNNIÐ FYRIR
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐ,
VIRK
TALNAKÖNNUN HF.
ÁGÚST-OKTÓBER 2014

Inngangur

Vorið 2014 óskaði Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK), þess að Talnakönnun tæki saman skýrslu um sparnað af endurhæfingu í stað þess að vera á bótum bæði frá atvinnurekendum, sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins. Verkið er unnið fyrir Starfsendurhæfingarsjóð.

Verkið var unnið sem hér segir: Fyrir lá skrá um alla einstaklinga sem útskrifuðust frá VIRK árið 2013. Um þá voru ítarlegar upplýsingar, meðal annars um kyn, aldur, lífeyrissjóð, starf, staða þegar starf VIRK byrjar og þegar einstaklingurinn útskrifast. Er þar átt við hvort menn eru í veikindafrí í vinnu, á sjúkra/slysadagpeningum, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri og svo framvegis. Ekki lágu fyrir upplýsingar um laun hvers um sig, en hvaða lífeyrissjóði þeir eru í. Talnakönnun hefur upplýsingar um launakúrfur eftir kyni og aldri í nokkrum lífeyrissjóðum og þær upplýsingar voru notaðar til nálgunar á launum einstaklinganna. Alls voru upplýsingar um 899 einstaklinga sem útskrifuðust og þar af voru upplýsingar um lífeyrissjóði hjá 837 eða 93% hópsins. Fyrir þennan hóp voru reiknuð laun samkvæmt meðaltali einstaklinga úr viðkomandi lífeyrissjóðum. Einnig voru upplýsingar um hve lengi meðferðin tók hjá hverjum um sig. Út frá þessum upplýsingum er hægt að setja fram ýmsar niðurstöður um tap samfélagsins af veikindunum og hagnað af endurhæfingu. Útreikningar af þessu tagi geta aldrei verið annað en nálgun. Engu að síður eiga útreikningarnir að gefa til kynna hvort hagnaður sé af slíkri starfsemi.

Líta verður á verkefni af þessu tagi sem verkefni í þróun. Fyrir nokkrum árum þegar Talnakönnun kom fyrst að þessum vangaveltum voru gögn ekki nægilega góð til þess að á þeim mætti byggja. Úr því hefur nú verið bætt með myndarlegum hætti. Niðurstaðan gefur hugmynd um hagnað hinna ýmsu aðila af endurhæfingunni. Ekki er hægt að fullyrða hver sá hagnaður er upp á krónu, en útreikningarnir sem hér eru lagðir fram benda til þess að starfið sé mjög arðbært.

Mikilvægt er að kennitölur af þessu tagi verði unnar árlega og í framhaldinu má búast við því að smám saman verði skýrara hvert hið raunverulega virði er af endurhæfingunni.

Af hálfu Talnakönnunar hafði Benedikt Jóhannesson umsjón með verkinu.

Reykjavík 7. október 2014,

Benedikt Jóhannesson

Verkefnið

- Hugmyndin er að reyna að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- Starfsemi eins og VIRK sýnir í bókhaldi fyrst og fremst kostnað, en árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu, stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár.

Gögn

- Gögn fengust frá VIRK yfir alla þá sem útskrifuðust árið 2013, alls 899 einstaklinga
- Þar komu fram helstu lýðfræðilegar upplýsingar eins og aldur, kyn, menntun, hjúskaparstaða, starf og fleira.
- Ekki komu fram upplýsingar um laun, en þau voru metin skv. meðallaunum í þeim lífeyrissjóði sem einstaklingurinn var skráður í.

Mynd 1: Launaferlar þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri



Útreikningar Talnakönnunar.

- Mynd 1 sýnir svipaða mynd og sjá má í flestum lífeyrissjóðum, þ.e. tekjur aukast til 45 ára og lækka lítillega eftir það. Karlar eru með hærri tekjur en konur.
- Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki m.v. raunverulegar tekjur þessara einstaklinga heldur reiknaðar meðaltekjur eftir aldri og kyni út frá því í hvaða lífeyrissjóði þeir eru. Laun voru áætluð um 837 einstaklinga eða 93% hópsins.

Gerðar voru ýmsar prófanir á gögnunum og ekkert benti til þess að í þeim væru neinar meiriháttar villur. Sett var fram sú kenning að ef til vill væru þeir sem lægst hefðu launin lengst í meðferð, en á mynd 2 sést að svo var ekki.

Mynd 2: **Meðallaun þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir lengd þjónustu í mánuðum**



Útreikningar Talnakönnunar.

Ýmsar fleiri athuganir voru gerðar sem allar bentu í þá átt að gögnin gæfu raunsanna mynd af starfinu.

Árangur af starfinu

Mikill munur var á því hvernig árangurinn var eftir því hvernig staða fólks var þegar það hóf þátttöku hjá VIRK. Eins og gefur að skilja vegnaði mönnum almennt betur eftir því sem þeir komu fyrr í endurhæfingu eftir að sjúkdómur hófst eða slys varð. Hér að neðan eru sýndar nokkrar myndir þar um, en ekki eru um að ræða tæmandi úttekt.

- Á glærunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af m.v. grunnmat, þ.e. það mat þegar þeir koma inn í ferlið.
- Glærurnar sýna hvernig reiknuð laun skiptast eftir flokkun við útskrift. Notuð er meginflokkun við grunnmat og útskrift, en sumir fá tekjur frá fleiri einum stað, þó að flestir flokkist aðeins í einn flokk.
- Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

Mynd 3: Grunnmat: Laun á vinnumarkaði. Staða við útskrift.



Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás). Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 4: Grunnmat: Sjúkradagpeningar. Staða við útskrift.



Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás). Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 5: Grunnmat: Endurhæfingarlífeyrir. Staða við útskrift.



Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás). Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 6: Grunnmat: Örorkulífeyrir TR. Staða við útskrift.



Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás). Útreikningar Talnakönnunar.

Heildarfjárhæð táknar hér mat á heildarlaunum viðkomandi einstaklinga alls. Til dæmis sýnir mynd 6 að 20 einstaklingar útskrifast og eru þá í launaðri vinnu. Árslaun þessa hóps eru um 90 milljónir króna.

Myndirnar sýna að hlutfallslega flestir útskrifast á vinnumarkað af þeim sem voru í veikindaleyfi þegar meðferð hófst, en samt næst umtalsverður árangur hjá þeim sem komnir eru á endurhæfingarlífeyri Tryggingastofnunar og jafnvel á örorkulífeyri.

Hvað sparast mikið?

- Menn geta gefið sér ýmsar forsendur við matið. Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.
- Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK kemur inn til VIRK og útskrifast á vinnumarkað (þ.e. er með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift) er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK.
- Reynslan sýnir að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.

- Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri.
- Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- Með aðra er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir.
- Þetta er væntanlega fremur varfærin forsenda, því ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.
- Tala mánaða í meðferð er dregin frá 60 og niðurstöðutalan margfölduð með reiknuðum launum.
- Formúlan fyrir síðasta hópinn er:
- (60 – mánuðir í meðferð) x reiknuð laun
- Reiknað fyrir hvern og einn og fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.
- Niðurstaðan gefur 9,7 milljarða króna í ávinning.
- Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,5% frávik í plús eða mínus eða um +/-140 milljónir króna.

Mynd 7: **Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við grunnmat**



Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 8: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift



Útreikningar Talnakönnunar.

Þessar myndir sýna að eftir miklu getur verið að slægjast ef endurhæfing tekst vel til. Þarna er fjárhagslegur hagnaður reiknaður í milljörðum króna, en auk þess er auðvitað hagnaður einstaklingsins af því að hafa öðlast starfshæfni á ný. Auk þess má reikna með því að ýmis samfélagslegur kostnaður verði mun minni en ella, t.d. kostnaður heilbrigðiskerfisins.

Til fróðleiks má setja inn iðgjöld og kostnað VIRK skv. ársreikningi árið 2013 með reiknuðum hagnaði.

Mynd 9: Iðgjöld og árangur af starfi VIRK 2013



Blái hluti vinstri súlunnar sýnir rekstrarkostnað árið 2013. Ársreikningur VIRK. Útreikningar Talnakönnunar.

- Einnig var reiknað tryggingafræðilegt núvirði starfsævi við útskrift fyrir sérhvern einstakling og flokkað eftir hópum.
- Niðurstaðan er sú að heildarvirðið hafi verið 43,7 milljarðar króna. Þar af reiknast 20,4 milljarðar króna á þá sem fara í launaða vinnu.
- Ávinninginn má reikna sem hlutfall af þessari tölu, t.d. að einn af hverjum tveimur hafi öðlast bata fyrir tilstilli VIRK. Það eru 10,2 milljarðar kr.

Þessir útreikningar sýna að það er ekki hægt að benda á eina tölu sem hagnað af endurhæfingarstarfinu. Hins vegar benda tölurnar til þess að hann sé mjög mikill.

Til fróðleiks var sett fram hvernig áætlaður ábati skiptist milli Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, einstaklinganna og ríkisins í formi skatttekna. Þetta sést á mynd 10

Mynd 10: Hlutfallsleg skipting ábatans af endurhæfingunni.



Útreikningar Talnakönnunar.

Á mynd 10 er rétt að benda á að nokkrir einstaklingar sem eru með lág laun geta verið betur settir fjárhagslega ef þeir fara á örorkulífeyri Tryggingastofnunar. Ef um ungt fólk er að ræða er líklegt að launin muni hækka síðar á ævinni þannig að slíkur „hagnaður“ er þá aðeins tímabundinn.

Meginatriði er að miðað við þetta er hagnaður lífeyrissjóða í heild nærri fimm milljarðar króna á ári, hagnaður Tryggingastofnunar hátt á fjórða milljarð króna og ríkið fær viðbótar skatttekjur upp á 1,5 milljarða króna. Ofan á þetta kemur svo hagur einstaklingsins, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu.

Niðurstaða

- Þessi greining gefur mynd af því hverju starf VIRK skilaði á árinu 2013.
- Ábatinn af starfseminni skilar sér bæði til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á það bætist ábati einstaklingsins.
- Mjög erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á árangurinn, en mikilvægt er að skoðuð sé sama kennitala á hverju ári.
- Þá er auðvitað líka mikilvægt að hún byggi á skynsamlegri nálgun.
- Talnakönnun telur að niðurstöðurnar bendi eindregið í þá átt að starf VIRK sé mjög arðbært.

Varasjóður VIRK

Þróun varasjóðs VIRK

Samið var um stofnun VIRK í kjarasamningum árið 2008 og í ágúst 2008 tók fyrsti starfsmaður VIRK til starfa. Frá 2008 til september 2012 var VIRK fjármagnað eingöngu með framlagi frá vinnumarkaðnum. Framlagið kom inn af fullum þunga á árinu 2008 en það tekur hins vegar tíma að byggja upp starfsemina þannig að hún uppfylli faglegar kröfur og því var óhjákvæmilegt að það myndaðist varasjóður fyrstu árin á meðan starfsemin var í þróun og vexti. Seinni hluta ársins 2012 var hins vegar komið á jafnvægi í tekjum og útgjöldum hjá VIRK.

Með lögum 60/2012 hófu lífeyrissjóðir að greiða til VIRK frá og með október 2012. Fram að þeim tíma að lögin voru samþykkt (júní 2012) var erfitt fyrir stjórn og stjórnendur VIRK að gera ráðstafanir um mikla útgjaldaaukningu vegna aukins samstarfs við lífeyrissjóðina þó vissulega hafi verið hafinn ákveðinn undirbúningur að þessu samstarfi. Þegar lífeyrissjóðir hefja greiðslu til VIRK í lok árs 2012 þá tvöfaldast tekjur VIRK en aftur tekur það eðlilega tíma fyrir starfsemina að þróast í samstarfi við lífeyrissjóðina og sú þróun er ennþá í gangi.

Eftirfarandi mynd sýnir á grófan hátt þessa þróun undanfarin ár:



Myndin hér á eftir sýnir þróun útgjalda og tekna hjá VIRK frá 2012 til maí 2014 og síðan samkvæmt áætlunum fyrir tímabilið júní 2014 til desember 2016:



Í maí og júní 2014 hefur verið nokkurt jafnvægi í tekjum og útgjöldum í rekstri VIRK. Gert er ráð fyrir afgangi yfir hásumarið eins og alltaf er þar sem notkun á úrræðum minnkar yfir hásumarið. Samkvæmt spá fyrir seinni hluta árs 2014 þá er gert ráð fyrir nokkrum halla á rekstrinum ef starfsemin vex á sama hraða og verið hefur fyrri hluta ársins.

Varasjóður í lok árs 2013 var um 2,3 milljarðar króna, um 81% þessa sjóðs er vegna framlaga frá vinnumarkaði og um 19% vegna framlaga frá lífeyrissjóðum. Engin framlög hafa komið frá ríkinu til starfsemi VIRK þrátt fyrir að kveðið sé á um það í lögum nr. 60/2012.

Tilgangur og hlutverk varasjóðs VIRK

Samkvæmt lögum 60/2012 ber VIRK ábyrgð á að veita þjónustu til allra þeirra sem þurfa á atvinnutengdri starfsendurhæfingu að halda og uppfylla önnur þau skilyrði sem þar eru sett fram. Með lögunum er verið að skilgreina réttindi launafólks til að fá að njóta þeirrar þjónustu sem starfsendurhæfingarsjóðir veita, bæði við gerð endurhæfingaráætlana og framkvæmd þeirra. Til að tryggja þessa þjónustu þá verður VIRK að skuldbinda sig í lengri tíma en í eitt ár í senn og því þarf varasjóður að vera til staðar.

Til VIRK leitar stór hópur einstaklinga sem glímir undantekningarlítið við mikla erfiðleika og margir þeirra þurfa á talsvert mikilli þjónustu að halda. Ríkið hefur eftirlitshlutverk gagnvart starfsemi VIRK en ber ekki ábyrgð á starfseminni að öðru leyti. VIRK er þannig með lögbundið hlutverk í mikilvægri velferðarþjónustu en starfar ekki á ábyrgð ríkisins. Löggjafarvaldið er hjá stjórnvöldum og ríkið getur því einhliða ákveðið að skerða framlög til VIRK með litlum fyrirvara og án samráðs (eins og gert hefur

verið) án þess að breyta neinu hvað varðar skyldur VIRK varðandi veitingu á þjónustu til einstaklinga. Hér þarf líka að taka fram að þjónusta VIRK er flókin og veitt í samspili við fjölmarga aðila innan og utan velferðarkerfisins og ef breyta á áherslum eða magni í veittri þjónustu þá taka allar slíkar breytingar langan tíma. Sem dæmi um þetta þá eru samningar um mikilvæga og stóra þjónustuþætti oft gerðir með 6-12 uppsagnarfresti.

Stjórn VIRK hefur því í ljósi þessara aðstæðna metið það nauðsynlegt að ávallt sé til staðar varasjóður hjá VIRK sem nemi 6-12 mánaða veltu. Þetta hefur alltaf legið skýrt fyrir hjá stjórn VIRK og í frumvarpi til laga nr. 60/2012 sem unnið var í samvinnu við stjórn VIRK var eftirfarandi setning í 15 greininni: *„Starfsendurhæfingarsjóður skal halda nauðsynlegan varasjóð til að mæta sveiflum í rekstri sjóðsins“* og í umfjöllun um 15 greinina segir í frumvarpinu: *„Jafnframt er gert ráð fyrir að starfsendurhæfingarsjóðir eigi varasjóð til að mæta sveiflum í rekstri og til að mæta skuldbindingum sínum komi til slita hlutaðeigandi sjóðs. Er miðað við að varasjóður svari að jafnaði til 6-12 mánaða útgjalda hlutaðeigandi sjóðs“*. Setningin um varasjóðinn í 15 greininni var felld niður í lokameðferð frumvarpsins á þingi en það er samt sem áður ekkert í lögum 60/2012 sem kemur í veg fyrir að starfsendurhæfingarsjóður eigi varasjóð og það er álit stjórnar VIRK að nauðsynlegt sé fyrir VIRK að til staðar sé varasjóður sem nemur 6-12 mánaða veltu á hverjum tíma. Ákvarðanir stjórnvalda hvað varða framlög til VIRK sem teknar voru við gerð fjárlaga á síðasta og þessu ári án nokkurs samráðs við stjórn eða stjórnendur VIRK styrkja enn fremur þessa sannfæringu stjórnar.